

Tré ársins er margstofna og því bæði hátt, breitt og greinamikið. Það var því nokkuð vandaverk að mæla hæðina á því en hafðist! Mynd: Ragnbildur Freysteinsdóttir

Tré ársins 2021
Heggur (*Prunus padus*)
í Rauðavatnsstöðinni í Reykjavík

Tré ársins 2021 er heggur (*Prunus padus*) í gömlu gróðrarstöðinni við Rauðavatn í Reykjavík. Heggurinn var formlega útnefndur við hátíðlega athöfn miðviku-daginn 25. ágúst 2021, en dagsetning útnefningarinnar var valin með hliðsjón af því að þennan dag voru 120 ár liðin frá því að Skógræktarfélag Reykjavíkur var fyrst stofnað, þann 25. ágúst 1901. Markmið félagsins á þeim tíma var að kaupa og gróðursetja í landskika við Rauðavatn og var þar komið upp gróðrarstöð þar sem ýmsar tegundir voru ræktaðar upp af fræi eða fluttar inn og unnið ötullega að skógrækt.

Athöfnin hófst með ávarpi Jónatans Garðarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands, en einnig fluttu ávörp Jóhannes Benediktsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, en Dagur tók einnig við viðurkenningarskjali. Einnig var afhjúpað nýtt upplýsingaskilti við tréð og gerðu

það Dagur og Hafberg Þórisson, eigandi gróðrarstöðvarinnar Lambhaga, sem er styrktaraðili Trés ársins. Á milli ávarpa fluttu Erna Ómarsdóttir og Raket Björt Helgadóttir tónlist. Athöfninni lauk svo með mælingum á trénu og sá Jón Ásgeir Jónsson um það með aðstoð viðstaddra. Reyndist tréð vera 8 m að hæð. Heggurinn er margstofna og reyndist sá þverasti vera 7,5 cm í þvermál í brjósthæð.

Ekki er alveg ljóst hversu gamall heggurinn er. Heggur var gróðursettur á upphafsárum gróðrarstöðvarinnar sem er ættfaðir fjölmargra heggja á suðvesturhorni landsins. Er heggurinn sem útnefndur var Tré ársins líklega afleggjari frá þessum elsta hegg.

Heggur tilheyrir hinni merkilegu ættkvísl „*Prunus*“ sem er rómuð fyrir blómfeður og lostæt aldin. Í ættkvíslinni eru tré sem gefa okkur m.a. apríkósur, ferskjur, plómur, kirsuber og möndlur. Heggur er lítið tré eða stórvaxinn runni, sem getur þó orðið



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tók við viðurkenningarskjali fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Frá vinstri: Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Dagur B. Eggertsson, Jóhannes Benediktsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur og Auður Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir



Heggur blómstrar klösum af fögrum hvítum blómum. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir

talsvert hávaxinn eða um 15-20 m á hæð í heimkynnum sínum í Evrópu og Norður- og Austur-Asíu en hér á landi verður hann um 8-10 m. Heggur var fluttur til landsins snemma á 20. öldinni og er hann nokkuð algengur í görðum í dag. Fer vel sem stakstætt tré og er einnig notaður í limgerði.

Blóðheggur (*Prunus padus* L. ‘Colorata’), sem er rautt afbrigði af hegg sem fannst í Smálöndunum í Svíþjóð sem og rautt afbrigði af norðuramerískri heggtegund, Virgínuheggur (*Prunus virginiana* L.), njóta nú vaxandi vinsælda í garðrækt á Íslandi.

Blöð á hegg eru nokkuð stór, 6-12 cm að lengd, dökkgræn, sporbaugótt, fínhrökkótt og sagtennt, lítið eitt hærð á neðra borði og með áberandi strengjaneti. Blómgun heggs á Íslandi er nær árviss á stálpuðum trjám, rétt eftir laufgun í júní, sem ýtir undir vinsældir hans í garðrækt. Blómin eru hvít, með 5-deilda blómhlíf sem sitja í drjúpandi klasa. Sætur ilmur liggur frá blómunum og finna sumir möndlukeim í ilminum.

Heggur er skuggþolið tré en blómstrar ekki að ráði nema á sólríkum stað. Hann

er sæmilega harðgerður en þarf skjól hérlandis, vex best í nokkuð rökum jarðvegi en þó vel svo lengi sem jarðvegur er frjór. Aldin eru svört að lit og bragðvond en fuglar eru sólgirnir í þau. Börkurinn er dökkbrúnn og hefur óþægilegan þef og bragð. Heggur myndar rótarskot en sáir sér sjaldan út þó sjálfásáð tré hafi fundist, m.a. í Kjarnaskógi. Honum er aðallega fjölgað með fræi sem er sáð er á haustin.

Á hegg lifa tvær sérhæfðar lýs, heggúlús (*Brachycaudus helichrysi* Kalt.) og hafrablaðalús (*Rhopalosiphum padi* L.). Haustfeti veldur stundum einnig tjóni á hegg. Hérlandis valda þó þessir skaðvaldar sjaldan hamlandi tjóni. Öllu verri er sveppurinn heggvendill (*Taphrina padi*) sem sýkir ber heggsins og afmyndar og kemur í veg fyrir fræþroska.

Viður heggs er ágætur í listasmíði eða snotra smámuni. Fræið og laufin innihalda vetnissýaníð sem verður að blásýru er það kemst í snertingu við vatn. Þetta efni er náttúrulegt skordýraeitur og ver fræið frá árás skaðvalda og er að finna í kjarna annarra tegunda í sömu ættkvísl.



Efnið gefur möndlum sitt einkennandi bragð og getur ollið eitrun ef neytt í miklu magni. Eiturmagnið var skipulega ræktað úr möndlum, en þær sem við borðum í dag og köllum sætar möndlur, innihalda allt að þúsund sinnum minna af efninu en beiskar möndlur.

Berín af hegg hafa verið nýtt í sultur þó beisk séu, blöð niðursoðin og börkur nýttur í te. Börkurinn inniheldur þó einnig efni sem mynda blásýru í vatni; þrátt fyrir það er teið sagt „gott fyrir meltinguna og eykur blóðflæði“ hvað sem er til í því.

Í stuttu máli má því segja að best sé að njóta heggsins með augunum og nefinu og leyfa heldur smávinum fögrum að neyta uppskerunnar.

Höfundur: JÓN ÁSGEIR JÓNSSON

Við útnefninguna var einnig afhjúpað nýtt upplýsingaskilti með fróðleik um Rauðavatnsstöðina og á því er einnig merki fyrir Tré ársins. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna

Allt frá fræjum til umbúða



SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

<http://www.samhentir.is/is/thjonusta/gardyrkjudeild/>

Suðurhraun 4, 210 Garðabæ, sími 575 8000, www.samhentir.is, sala@samhentir.is